

31. mál Tillaga borgarfulltrúa Besta flokksins og Samfylkingar um staðgengil borgarstjóra á fundum borgarstjórnar

Forseti: Þá erum við komin í 32. lið á dagskrá þessa fundar ... eða 31. fyrirgefið þið. Þar er lögð fram tillaga borgarfulltrúa Besta flokksins og Samfylkingarinnar, sem hljóðar svo:

Með vísan til niðurlags 2. mgr. 68. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar er lagt til að formaður borgarráðs taki sæti borgarstjóra á fundum borgarstjórnar í fjarveru borgarstjóra.

Þeir sem samþykkja vilja þessa tillögu gefið merki. Hún er samþykkt með 9 greiddum atkvæðum, sex borgarfulltrúar sitja hjá og skoðast tillagan samþykkt.